



**HÚNAÞING
VESTRA**


Starfsáætlun Brunavarna Húnaþings vestra

6. September 2024

Valur Freyr Halldórsson
slökkviliðstjóri brunavarna Húnaþings vestra

Efnisyfirlit

Skipurit Húnaþings vestra



Starfsáætlun

Leiðarljós

Markmið brunavarna Húnaþings vestra er að veita góða og fumlauða þjónustu þegar á reynir. Tryggja vel menntað og mannað lið sem getur tekist á við ógnir hvenær sem er sólarhrings allt árið um kring og hafi til þess góðan og reglulega uppfærðan búnað.

Leiðarljós Brunavarna Húnaþings vestra:

- Að tryggja samkvæmt reglugerð um starfsemi slökkviliða að sveitafélagið Húnaþing vestra eitt eða í samvinnu við önnur, hafi slökkvilið sem þannig er skipulagt, búið tækjum og búnaði, mannað, menntað og þjálfað að það geti leyst af hendi með fullnægjandi hætti þau verkefni sem því eru valin lögum samkvæmt.
- Að vernda líf og heilsu manna, eignir og umhverfi með því að tryggja fullnægjandi eldvarnareftirlit, forvarnir og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi og björgun á fast klemmdu fólki úr mannvirkjun og faratækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði.
- Að tryggja að eldvarnareftirliti í sveitafélaginu sé sinnt samkvæmt lögum og reglugerðum.
- Að leitast ávallt við að sýna viðskiptavinum sviðsins og samstarfsmönnum jákvæðni og þjónustulund og gæta jafnræðis í því sambandi.
- Að starfsmenn sviðsins vinni saman sem samstilltur hópur að markmiðum sviðsins.
- Að starfsmenn gæti trúnaðar um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skal fara með samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli máls.
- Að leitast við að veita góða þjónustu með búnaði sem uppfyllir staðla og menntun liðs sé samkvæmt áætlun

Hlutverk og viðskiptavinir

Viðskiptavinir Brunavarnarsviðs eru:

- Íbúar Húnaþings vestra, almennt íbúar landsins og ferðamenn.
- Fyrirtæki í sveitarfélaginu.
- Allir sem leita eftir almennum upplýsingum um þjónustu og starfsemi Brunavarna
- Ráðuneyti, ýmsar opinberar stofnanir og fyrirtæki.
- Fagsvið, fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins. Nefndir, starfshópar og fulltrúar í nefndum skipaðir af sveitarfélaginu.

Helstu verkefni

Almenn lýsing á helstu verkefnum sviðsins.

- Slökkviliðsstjóri fer með almennan rekstur slökkviliðs
- Fræðsla og forvarnir
- Eldvarnareftirlit
- Útkallssvið
- Seld þjónusta til aðila
- Fjárhagsáætlunargerð.
- Æfingar, menntun, önnur vinna
- bakvaktarskylda
- Rekstur og viðhald búnaðar og önnur vinna tengd slökkvistöð

Slökkviliðsstjóri og aðstoðarslökkviliðsstjórar

- Valur Freyr Halldórsson slökkviliðsstjóri
- Gísli Már Arnarsson aðstoðarslökkviliðsstjóri
- Þorsteinn Guðmundsson aðstoðarslökkviliðsstjóri

Meginverkefni og áhersluatriði 2025 - 2028

Þau verkefni sem unnin verða árið 2025, eru í beinu framhaldi við þá vinnu sem unnin voru árið 2024

Meginverkefni og áhersluatriði 2024

- Vinna hófst að bættri aðstöðu, menntun og uppfærslu búnaðar slökkviliðs
- Eldvarnareftirlitsnámskeið slökkviliðsstjóra hófst
- Áætlun til þriggja ára gerð vegna kaupa á persónuhlífðar búnaði og tækjum
- Æfingar héldu sínu striki, hóptímar í líkamsrækt voru settir á
- Haustið 2024 þurfa sex nýliðar að hefja nám í slökkviliðsfræðum
- Eldvarnareftirlits námskeið heldur áfram haustið 2024
- Senda þarf tvo einstaklinga á stjórnendanámskeið haustið 2024
- Farið verður í endurskoðun á gjaldskrá brunasviðs
- Leggja þarf inn pöntun strax á tveimur slökkvibifreiðum – óskað er eftir hækkun á fjárhagsáætlun í viðauka fyrir 2024 vegna tveggja bifreiða
- Önnur afhent strax í október - Forkaupsréttur

Meginverkefni og áhersluatriði 2025

- Sex nemar í slökkviliðsfræðum klára nám vorið 2025
- Bæta í eldvarnareftirlit á svæðinu þar sem staða slökkviliðstjóra fer úr 50 í 75% hlutfall.
- Tvær slökkvibifreiðar seldar 2025
- Forgangsbifreið slökkviliðstjóra
- Uppfæra þarf sex slökkviliðs galla og sex hjálma
- Uppfæra þarf stígvél með kaupum á fimm stígvélum
- Kaupa þarf klippubúnað
- Farið verður í hugmyndavinnu með byggingu nýrrar slökkvistöðvar eða björgunarmiðstöðvar
- Samtal verður viðrað við Heilbrigðisstofnun vesturlands um möguleika á samstarfi/sameiningu slökkviliðs og sjúkraflutninga.
- Áframhaldandi æfingar með breyttu sniði, haust, vetur og voræfingar með sumarfríi frá maí fram í september.
- Gjaldskrá brunavarna uppfærð og í gildi
- Útseld vinna verður aukin með eldvarnareftirliti
- Körfubíll verður færður milli deilda eða seldur frá slökkviliði
- Útköllum mun líklega fjölga með tilkomu erlendra ferðamanna á landinu eins og síðustu ár hafa sýnt
- Endurmenntun liðs í heild nauðsynleg og farið verður í vettvangsliða menntun slökkviliðsmanna

Meginverkefni og áhersluatriði 2026

- Bætt verður enn í eldvarnareftirlit
- Möguleg þörf á menntun tveggja í slökkvifræðum 2026
- Farið verður í byggingu nýrrar slökkvistöðvar/björgunarmiðstöðvar
- Uppfæra þarf sex galla og sex hjálma fyrir slökkviliðsmenn
- Uppfæra þarf stígvél með kaupum á fimm stígvélum
- Önnur vinna eins og æfingar með óbreyttu sniði
- Aukafjármagn vegna slöngu og dælukaupa

- Útköllum mun líklega fjölga með tilkomu erlendra ferðamanna á landinu eins og síðustu ár hafa sýnt

Meginverkefni og áhersluatriði 2027

- Uppfæra þarf sex galla og sex hjálma fyrir slökkviliðsmenn
- Uppfæra þarf stígvél með kaupum á fimm stígvélum
- Önnur vinna eins og æfingar með óbreyttu sniðið
- Gjaldskrá slökkviliðs uppfærð og í gildi
- Kaup á lausa dælu og slöngum

Meginverkefni og áhersluatriði 2028

- Eðlilegt horf komið á búnaðarmál slökkviliðs
- Menntun tveggja einstaklinga í slökkvifræðum
- Önnur störf með eðlilegu sniði

Fjármál og rekstur

- Óskað er eftir hækkun á fjárhagsáætlun til næstu þriggja ára til slökkviliðs með rökstuðningi hvers liðs fyrir sig.
- Innleiðing móttöku rafrænna reikninga.
- Tekjur til slökkviliðs aukast með auknu eldvarnareftirliti
- Markmið að eftir 2028 lækki kostnaður verulega og fari í eðlilegt horf þar sem búnaður verður endurbættur á árunum 2024-2028 svo eðlileg útskipti búnaðar megi rúlla eðlilega árin eftir 2028.
- Unnið náði með Húsnæðis og mannvirkjastofnun sem kemur að lögum og reglugerðum varðandi brunamál
- Unnið með Ráðuneyti og vinnueftirliti

Mannauður, persónubúnaður og annar búnaður til björgunarstarfa 2025-2028

- Regluleg uppfærsla á búnaði er nauðsynleg með það að markmiði að auka öryggi og tryggja að starfsmenn slökkviliðs hafi ávallt búnað sem hægt er að treysta á og líftími persónubúnaðar renni ekki út á tíma.
- Markmið slökkviliðstjóra er að byggja upp slökkvi og björgunarlið sem íbúar sveitafélagsins geta treyst á og verið stoltir af.
- Markvissar æfingar, menntun og endurmenntun verður að huga að til þess að lið staðni ekki. Starfsmannafundur einu sinni á ári fyrir alla starfsmenn.

Lykiltölur fjárhagsáætlunar brunasviðs 2024

Heiti

Áætluð upphæð 2024

Slökkvistöð	50.784.650
Mánaðarlaun	27.256.932
Laun slökkvilið æfingar	6.273.383
Önnur laun	3.318.648
*Minniháttar verkfæri og áhöld	3.021.084
**Talstöðvargjöld	126.603
***Vinnufatnaður	215.607
Námskeiðs og skólagjöld	200.000
Annar starfsmanna kostnaður	300.000
Brunamál og almannavarnir	63.395.580

* Samtals óvænt aukaútgjöld vegna ónýtrar loftpressu og loftkúta

** Keyptir voru fimm nýir slökkvigallar og fimm hjálmar – Styrkir samtals 1.000.000 kr á mótí

*** Nauðsynleg uppfærsla á TETRA fjarskiptabúnaði – áskriftagjöld koma hér inn.

Breytingar og hækkunir á eftirfarandi liðum 2025

Slökkviliðsstjóri óskar eftir hækkunum á eftirfarandi liðum fyrir árið 2025

Heiti	Áætluð upphæð 2025
Minniháttar verkfæri og áhöld	5.868.084
Talstöðvargjöld	495.000
Vinnufatnaður	1.954.336
*Laun vegna námskeiða	2.050.953
Aðrir innanstokksmunir	200.000
Forgangs bifreið slökkviliðstjóra	3.000.000

*Reiknuð laun miðað við verðbólguþá 2025 4,5% - Kjarasamningar lausir

Rökstuðningur vegna hækkunar á liðum fjárhagsáætlunar 2025

Minniháttar verkfæri og áhöld

Hér munar um hækkun milli ára vegna kaupa á björgunarklippum. Liður lækkar aftur 2026.

Talstöðvargjöld

Fjarskiptakerfi uppfært 2024 og áskriftargjöld vegna Tetra fjarskiptanets

Vinnufatnaður - Persónubúnaður:

Ljóst er að síðustu árin hefur lítil sem engin endurnýjun orðið á persónubúnaði manna eins og göllum, stígvélum og hjálmum. Greining fór fram á þessum búnaði strax og slökkviliðstjóri tók við í september 2023. Í ljós kom að ástand þessa búnaðar var og er verulega ábótavant og elstu gallarnir árgerð 2008. Keyptir voru fimm nýir gallar í upphafi árs 2024 með aðstoð styrkja frá Gærum og Lions, einnig fimm hjálmar. Staða hjálma er eins og elstu hjálmarnir eru frá 2006. Vert er að benda hér á að líftími galla og hjálma eru 10 ár og ber okkur samkvæmt reglugerð að taka þann búnað sem runninn er á tíma úr umferð. Ekki er allur þessi búnaður runninn út á tíma en með þriggja ára áætlun náum við betra jafnværi í kaupum í framtíðinni. Til er greiningalisti á persónubúnaði sem sýnir sundur liðað aldur á búnaði.

Með því að gera þriggja ára áætlun til kaupa á persónubúnaði tekst okkur að klára að uppfæra búnaðinn 2027 og vinna síðan í næstu árin eftir það með reglulegum kaupum til þess að við lendum ekki í að þurfa að endurnýja allt á

sama tíma eða tveimur til þremur árum. Í slökkvistarfi sem og annarri björgunarvinnu sem liðið veitir er nauðsynlegt að tryggja að mannskapur hafi til þess góðan fatnað sem er í lagi. Lögð er rík áhersla á að úr verði bætt og hafist handa strax á fjárhagsáætlun 2025 með endurnýjun persónubúnaðar starfsmanna.

Laun vegna námskeiða

Húsnæðis og Mannvirkjastofnun gaf út í lok ágúst 2024 kennsluáætlun skólans eftir að árið 2023 var í lausu lofti hjá þeim vegna manneklu og breytinga innan stofnunarinnar.

Í upphafi árs voru ráðnir inn fimm nýliðar og okkur ber að mennta þetta fólk 2024 – 2025

Námið lítur svona út:

Fornám sem tekur 4 klst á stöð í umsjón slökkviliðsstjóra. Síðan í október 2024 hefst námskeið 1 og 2 og kennslunni líkur vorið 2025 með námskeiði 3 og 4 og lokafærnimati samtals 134 klukkustundir.

Kostnaður við hvern nýliða í launaflokki 136 til fullrar menntunnar er 695.244 kr (kjarasamningar lausir þegar þetta er skrifað 3.september 2024)

Því er þetta sundur liðað svona: Haustið 2024 samtals 358.156 kr. Vorið 2025 337.088 kr samtals 695.244 kr

Náum við ekki að hefja nám þessara einstaklinga í október 2024 þá verðum við að bíða til október 2025 sem er slæmt.

Aðrir innanstokksmunir

Sófasett á slökkvistöð komið á tíma og skipta þarf út

Forgangsbifreið slökkviliðstjóra

Bifreið slökkviliðsstjóra með forgangsbúnaði vegna eðli starfa hans

Breytingar og lækkanir á eftirfarandi liðum 2025

Tölvur	0
Annar starfsmannakostnaður	150.000
Ritföng	15.000
Símtæki	140.000

Þriggja ára áætlun

	2024	2025	2026	2027	2028
Minniháttar verkfæri og áhöld	3.021.084	5.868.000	3.021.084	6.121.084	3.021.084
Talstöðvargjöld	126.603	495.000	495.000	495.000	495.000
Vinnufatnaður	215.607	1.931.000	1.931.000	1.931.000	965.500
*Laun vegna námskeiða HMS	2.148.196	2.028.528	0	0	695.244
Aðrir innanstokksmunir	55.000	200.000	40.000	40.000	40.000
Námskeiðs og skólagjöld	200.000	200.000	200.000	200.000	200.000
Annar starfsmanna kostnaður	200.000	150.000	150.000	150.000	150.000
**Bifreiðakaup	28.445.000	3.000.000	0	0	0
Tölvur	75.000	0	100.000	0	0
Símtæki	200.000	150.000	150.000	150.000	150.000
Ritföng	25.000	15.000	15.000	15.000	15.000

*HMS Húsnæðis og mannvirkjastofnun

**Vörugjöld niður felld samtals 3.417.000. Endurgreiddur virðisaukaskattur upp á 3.232.000. samtals endurgreiðsla 6.649.000 kr. Tvær bifreiðar seldar 2024/2025 upp í kostnað

Hvammstangi 6. September 2024

Valur Freyr Halldórsson slökkviliðstjóri brunavarna Húnaþings vestra